

# LAGABREYTINGARTILLAGA

UM LEIÐRÉTTINGU LAGA UM UPPSTILLINGARNEFND



Stjórn BÍS leggur til við Skátaping 2022 að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 19. grein laga um uppstillingarnefnd:

## 19. GREIN

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátapingi til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í ~~1816.~~ grein, ~~2019.~~ grein, ~~22. grein,~~ 23. grein, 26. grein og ~~278.~~ grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS sem og að aldursdreifing sé sem jöfnust.

Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátaping.

Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátapings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 15. janúar.

### Greinagerð:

Eftir að laganefnd BÍS var lögð niður hefur ekki verið gætt nægilega vel af því að aðlaga ákvæði þessarar greinar. Á Skátapingi 2021 bættist við ný 16. grein laga sem gleymt var bæta við í greinagerð um uppstillingarnefnd, hún gerði einnig fyrri 16. grein að 17. grein og svo koll af kolli sem ekki var leiðrétt í þessari grein þá en það virðist ekki vera eina aðlögunin sem yfirsást síðustu ár og því vitna lög um uppstillingarnefnd nú til ýmissa greina sem hafa ekki með störf uppstillingarnefnd að gera. Með þessari tillögu er með gegnsæjum hætti verið að bæta úr því.

